

Kennsluáætlun

Haust 2023

Bekkur: 5. bekkur

Námsgrein: Þema – Jörðin

Fjöldi kennslustunda: 3 kennslustundir á viku

Kennari: Margrét Líndal Steinþórsdóttir og Tinna Ástrún Grétarsdóttir

Áfangalýsing

Kennsluaðferðir: Markmið kennslunnar er að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Stuðst er við fjölbreyttar kennsluaðferðir svo sem sýnikennslu, umræðu- og spurnaraðferðir, samvinnunám, einstaklingsvinnu, verklegar æfingar og námsleikir, leitaraðferðir, skapandi vinnu og útikennslu.

Námsmat: Í þema er stuðst við símat í formi vinnubókar, virkni í tímum, krossaprófa og einstaklingsmats. Við mat er stuðst við hæfniviðmið 5. bekkjar sem tilgreind eru í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011/2013.

Námsgögn: Auðvitað – Jörð í alheimi, Ísland – hér búum við lesbók og vinnubók og fjölbreytt verkefni frá kennara.

Hæfniviðmið: Nemendur

- geti notað kort til að afla sér upplýsinga
- kynnist uppbyggingu Jarðar
- geri sér grein fyrir hvernig jarðskorpan skiptist í fleka og hvernig landrek getur orsakað jarðskjálfta og eldgos
- geri sér grein fyrir dreifingu eldvirkni og jarðhræringa á Íslandi og afleiðingum þessara fyrirbæra
- þekki þekktar eldstöðvar og áhrif þeirra í heimabyggð
- geti lýst dæmum af áhrifum mannsins á náttúru og umhverfi
- geti gert grein fyrir notkun manna á auðlindum.

Kennari áskilur sér rétt til að breyta kennsluáætlun án fyrirvara.

Dagsetning	Viðfangsefni	Verkefni	Hæfniviðmið
28. ágúst - 3.sept	Kort og kortalestur	Ísland hér búum við- lesbók bls.5-11 og vinnubók bls. 3-9. Önnur fjölbreytt verkefni.	Að nemandi geti notað kort til að afla sér upplýsinga.
4. - 10. sept	Uppbygging Jarðar	Auðvitað, Jörð í alheimi bls.22-23 Ljósrituð verkefni	Að nemandi kynnist uppbyggingu Jarðar.
11. – 17.sept	Jarðskorpuflekar, myndun Íslands, jarðskjálftar og eldgos	Ísland hér búum við-lesbók bls. 20-23 og vinnubók bls. 16-17 Jörð í alheimi bls. 32-37 Önnur fjölbreytt verkefni.	Að nemandi geri sér grein fyrir hvernig jarðskorpan skiptist í fleka og hvernig landrek getur orsakað jarðskjálfta og eldgos.
18. - 24. sept	Jarðskorpuflekar, myndun Íslands, jarðskjálftar og eldgos	Eldgosaverkefni Jarðskjálftaverkefni	Að nemandi þekki þekktar eldstöðvar og áhrif þeirra í heimabyggð.
25. sept-1. okt	Ytri öfl	Ísland hér búum við-lesbók bls. 24-25. Jörð í alheimi-bl.28-46. Önnur fjölbreytt verkefni.	
2.-8. okt	Hringrás vatns	Ísland hér búum við-lesbók bls. 28-31 og vinnubók bls. 16-23. Jörð í alheimi- bls. 47-51.	Að nemandi geti lýst dæmum af áhrifum mannsins á náttúru og umhverfi. Að nemandi geti gert grein fyrir notkun manna á auðlindum.
9.-15.Okt	Upprifjun og námsmatsverkefni		Krossapróf

